

Ákærði greiði af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Magnúsar Thorlacius, kr. 75.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1938.

Nr. 145/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)  
gegn

**Guðna Jónssyni** (Lárus Jóhannesson).

Brot á tollögum og ákvæðum um gjaldeyri og innflutning.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

**Dómur hæstaréttar.**

Síðan atvik þau gerðust, sem kærða í máli þessu er gefin sök á, hafa verið sett lög nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit. Eigi verður ætlað, að þau leiddu kærða til hagfelldari niðurstöðu en lög þau, sem í gildi voru þá, og koma hin nýju lög þegar af þessari ástæðu ekki til greina um dómsniðurstöðu í máli þessu.

Kærði er borinn þeirri sök, að hann hafi brotið þágildandi gjaldeyrisákvæði með því að taka með sér til útlanda þann 23. ág. f. á. og hafa varið þar til kaupa á vörum þeim, er í máli þessu segir, 300 króna virði í erlendum gjaldeyri, og með því að nota í sömu ferð með sama hætti 250 krónur af 300 króna inn eign sinni í dönskum banka. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1935 hafa Landsbankinn og Útvegsbanki Íslands „einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri“. Og setur ráðherra nánari fyrirmæli um gjald-

eyrisverzlunina. Síðar í sömu grein er heimilað að setja með reglugerð ákvæði til að tryggja það, „að islenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.“ Að því leyti sem fyrirmæli 1. gr. reglugerðar nr. 7 11. jan. 1935 kunna að fara lengra en ákvæði 1. gr. nefndra laga virðast þau ekki hafa stoð í lögnum. Ákvæði 1. gr. laganna og 4. og 5. gr. reglugerðarinnar virðast ekki taka til þeirrar meðferðar á erlendum gjaldeyri, sem kærða er sök á gefin, því að hún verður ekki talin verzlun með erlendan gjaldeyri, og ekkert er upplýst um það, að innieign kærða í hinum erlenda banka sé þannig til komin, að ákvæðin um meðferð gjaldeyris fyrir islenzkar útfluttar afurðir eða útflutning islenzks gjaldeyris í reglugerðinni taki til fyrrnefndrar ráðstöfunar kærða á henni. Verður því að sýkna kærða af þessu kæruatriði.

Þá er kærði sakaður um brot á auglýsingu frá 15. des. 1919, er upphaflega hafði stoð í bráðabirgðalögum nr. 84 13. des. 1919, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning gulls, og nú í lögum nr. 16/1920, um sama efni. Lög þessi virðast eftir aðdraganda sínum og tilgangi aðeins taka til myntaðs gulls og gulls, er að lögum var hæft til seðlatryggingar þáverandi Íslandsbanka, en þessu var ekki svo varið um þau samtals 120 grömm af gömlum hringum, bútum, afgangum og svarfi, er kærði hafði með sér til útlanda 23. ágúst f. á. og seldi þar. Verður kærði því ekki heldur dæmdur til refsingar fyrir þessar ráðstafanir sínar.

Eins og í héraðsdóminum segir, ætlaði kærði sér

að koma vörum þeim, er í dóminum getur, í land án þess að greiða af þeim toll. Og ekki hafði hann heldur fengið leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar til þess að flytja þær inn. Með þessum hætti hefir hann gerzt sekur við 2. gr. laga nr. 47/1926 sbr. 9. gr. laga nr. 54/1926 og 6. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 7 11. jan. 1935. Þykir refsing hans fyrir brot þessi hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu á þreföldum tolli af hinum innfluttu vörum samkv. 2. gr. laga nr. 47/1926 sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 54/1926 verður ekki dæmt í þessu máli, með því að ekkert er upplýst um það, hvort vörurnar verði afhentar kærða.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað þykir mega staðfesta. Svo ber og að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Jónsson, greiði 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu- og skipaðs sækjanda Gunnars Þorsteins-

sonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. okt. 1937.**

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Jónssyni úrsmið, Öldugötu 11 hér í bæ, fyrir brot gegn vörutollslögum nr. 54 1926, verðtollslögum nr. 47 1926, lögum nr. 128 1935, um bráðabirgða tekjuöflun rikissjóðs, sbr. lög nr. 89 1936, um framlengingu þeirra laga o. fl., lögum nr. 11 9. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl., og auglýsingu frá 15. desember 1919, um bann gegn útflutningi á gulli, sbr. lög nr. 16 18. maí 1920, um sama efni.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir þann 21. maí 1927 sætt áminningu lögreglunnar fyrir ólöglegan innflutning á hálm, en ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þann 27. september síðastliðinn kom m/s „Dronning Alexandrine“ hingað frá Kaupmanahöfn, og var kærður einn meðal farþega á skipinu. Við rannsókn tollþjóna í skipinu fundust í farangri kærðs munir þeir, er hér á eftir verða taldir og hann hafði ekki gefið upp til tolls, og ekki voru tilfærðir í skjölum skipsins. Voru munirnir í tveimur ferðatöskum og einni skjalatösku innan um fatnað og ýmislegt dót, og var kærður með skjalatöskuna á leiðinni í land, er hún var af honum tekin.

Verða nú munir þessir taldir, og út af hverri tegund fært verð hennar, samkvæmt yfirmati dómkvaddra manna, óvæfengdu af kærðum:

3 stk. gullhringir	á kr.	30.00	.....	kr.	90.00
1 — gullhringur	—		.....	—	38.00
1 — —	—		.....	—	40.00
14 — silfurhringur	—		.....	—	112.00
1 — gullarmband	—		.....	—	130.00
1 — —	—		.....	—	132.00
1 — —	—		.....	—	90.00

3 stk. plettarmbönd	á kr.	14.00	.....	kr.	42.00
2 — —	— —	9.00	.....	—	18.00
1 — —	—		.....	—	5.00
12 — pennahaldarar	—		.....	—	3.00
12 — þurkur	— —	0.75	.....	—	9.00
16 — úrbönd, gullplett	—		.....	—	136.65
24 — — pól. stál	—		.....	—	225.15
6 — úrfestar, nikkell	—		.....	—	9.00
úrahlutar	—		.....	—	406.85
				Samtals	kr. 1494.65

Einnig fundust við tollskoðunina skinnavörur og fleira til töskugerðar. Átti kærður það ekki og flutti það ekki hingað, og hefir mál út af þessu verið afgreitt sérstaklega með réttarsætt, eins og rannsókn málsins ber með sér. Kærður hefir játað sig vera eiganda framangreindra muna og hafa keypt þá í Kaupmannahöfn þá í sömu ferðinni, hafa geymt þá á leiðinni hingað í þeim hirzlum, er að fram- an greinir, og hafa ætlað að koma þeim hér í land á laun án þess að greiða af þeim tolla.

Kærður hefir gefið skýrslu um það, hverju verði hann keypti flesta af munum þessum, en hinsvegar hefir hann ekki lagt fram lögfulla innkaupsreikninga yfir munina, eins og gera ber samkvæmt reglugerðum nr. 40 18. maí 1924 og nr. 79 21. október 1925, og því verður í máli þessu, að því leyti, sem verð munanna kemur til athugunar, farið eftir yfirmatinu á verðmæti þeirra, enda hefir tollstjórinn engar athugasemdir gert við það og ákveðið verðtollinn og viðskiptagaldið með hliðsjón af því.

Með framanskráðum verknaði hefir kærður gerzt brotlegur við 9. gr. vörutollslaganna nr. 54 15. júní 1926 sbr. 2. gr. verðtollslaga nr. 47 15. júní 1926 og 5. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun rikissjóðs.

Þegar kærður fór í ferð þessa til útlanda, hafði hann með sér erlenda mynt sem svaraði 300 íslenskum krónum. Hefir hann gert þá grein fyrir þessari erlendu mynt, að ekki virðist ástæða til að rengja. Notaði hann þessa peninga til kaupa á nefndum munum. Hefir hann, auk þessara peninga, játað að hafa átt innieign í Landmandsbanken í Kaupmannahöfn 300 krónur danskar án þess að það væri með vitund og leyfi bankanna eða gjaldeyrisnefndar, og hafi

hann tekið út af þessari innieign kr. 250.00 til vörukaupanna. Ennfremur hafi hann flutt héðan gull (gamla hringi, búta og svarf) 120 grömm, sem hann seldi erlendis fyrir kr. 3.65—3.85 danskar krónur grammið, og notaði andvirði gullsins til vörukaupa. Loks skuldaði hann töluvert af andvirði varanna. Hann kveðst að visu hafa átt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir nokkru af vörum þessum, en ekki hafa ætlað sér að nota þau, ef hann hefði getað komið varningnum í land á laun, en hafa ætlað sér að nota þau, ef vörurnar fyndust og þess væri nokkur kostur. Hinsvegar hafði hann engin slík leyfi fyrir nokkru af varningnum. Verknaður sá, er nú hefir verið lýst, varðar við 1. gr. og 6. gr. 1. mgr. sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 7 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. Ennfremur varðar gull-útflutningur kærðs við fyrirmæli auglýsingar frá 15. desember 1919, um bann gegn útflutningi á gulli. Er reglugerð sú sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 13. sama mánaðar, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli, en þau bráðabirgðalög voru staðfest óbreytt á næsta Alþingi og útgefin sem lög nr. 16 18. maí 1920.

Fyrir framangreind brot þykir kærður hafa unnið til refsingar, sem hæfilega sé ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vörutollslaganna sbr. 2. gr. laga nr. 47 15. júní 1926 og 5. gr. laga nr. 128 31. desbr. 1935 að dæma kærðan til að greiða þrefaldan verðtoll og viðskiptagjald af hinum innfluttu vörum, en samkvæmt útreikningi tollstjórans í Reykjavík nemur sú upphæð kr. 2693.25. Varningurinn náði eigi vörutollspunga. Þá ber ennfremur að dæma kærðan samkvæmt auglýsingu frá 15. desember 1919 til að greiða til ríkissjóðs tvöfalt verð gulls þess, er hann flutti út. Voru það 120 grömm 14 karata gulls, en verð slíks gulls er samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands kr. 2.92 grammið. Verður þessi upphæð því kr. 700.80. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðni Jónsson, greiði 600 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði til rikissjóðs í þrefaldan verðtoll og viðskiptagjald kr. 2693.25 og tvöfalt verð hins útflutta gulls, kr. 700.80.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1938.

Nr. 46/1935. Ísfélag Vestmannaeyja h/f

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**firmanu Gunnar Ólafsson & Co.**

(Jón Ásbjörnsson).

Mál um greiðslu á vöruúttekt.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2216.56 með 6% ársvöxtum frá 15. ágúst 1934 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndur krefst hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, greinir